

Nd.

46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Fyrir orðin „285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur“ í 1. gr. laganna kemur: 400000 — fögur hundruð þúsund krónur.

2. gr.

Fyrir orðin „320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 600000 — sex hundruð þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Á árunum 1934—1939 hefir verið unnið að hafnargerð á Skagaströnd samkvæmt lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, en frekar hefir gengið treglega að fá nauðsynlegt fé til þessara framkvæmda. Verkið hefir því eigi komið svo vel áleiðis, að fullnægjandi sé til að ná því takmarki, sem ég og aðrir forgöngumenn þessa máls settu í upphafi, en það er fullkomin stórskipahöfn á þessum stað. Það verður því að halda áfram með verkið bæði á þann hátt að lengja garðinn og dýpka skipaleguna. Þetta kostar mikið fé til viðbótar, en þar sem framleiðsluskilyrði eru mjög góð bæði til sjávar og lands og tækifæri til að fá stórum aukinn atvinnurekstur á staðnum, þá tel ég brýna þörf að halda verkinu áfram svo fljótt sem unnt er, og því er þetta frumvarp flutt.

Nánar í framsögu.